

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2019, föstudagur 20. september var haldinn 360. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 14:56 í Kerhólum, Borgartúni 12-14. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Líf Magneudóttir, Aron Leví Beck, Alexandra Briem, Örn Þórðarson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Agnes Sif Andrésdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Katrín Harpa Ásgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs dags. 16. september 2019:

Lagt er til að undirbúningur að heildstæðri stefnu í velferðarmálum verði hafinn á velferðarsviði. Stýrihópur verði stofnaður sem leiði stefnumótunina, í honum eigi sæti tveir fulltrúar úr velferðarráði, sviðsstjóri velferðarsviðs, einn til tveir stjórnendur auk fulltrúa notenda og starfsmanna. Sérstakur verkefnastjóri/ráðgjafi vinni með stýrihópnum. Samhliða verði undirhópur stofnaður, undir stjórn sviðsstjóra velferðarsviðs, í nánú samráði við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva, Barnavernd Reykjavíkur, þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, notenda og starfsfólks, til að endurskoða skipulag þjónustumiðstöðva og skrifstofu sviðsins.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

- Kl. 15:08 vikur Heiða Björg Hilmisdóttir af fundinum.
 - Kl. 15:23 tekur Heiða Björg Hilmisdóttir sæti á fundinum.
2. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2020. Trúnaðarmál.
 3. Lögð fram drög að gjaldskrá velferðarsviðs 2020 fyrir þjónustu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
 - a. Gjaldskrá fyrir veitingar og fæði
 - b. Gjaldskrá í félagsstarfi
 - c. Gjaldskrá fyrir þjónustugjöld í íbúðum aldraðra
 - d. Gjaldskrá í heimaþjónustu
 - e. Gjaldskrá fyrir þjónustugjöld í Foldabæ
 - f. Gjaldskrá fyrir húsnæði og fæðisgjald í búsetuúrræðum
 - g. Gjaldskrá um akstursþjónustu eldri borgara
 - h. Gjaldskrá vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna
 - i. Gjaldskrá vegna ferðaþjónustu fatlaðra
 4. Fram fer kynning á lykiltölum fyrir janúar – júlí 2019.

Fundi slitið kl. 15:55

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (sign)

Sanna Magdalena Mörtudóttir (sign)
Aron Leví Beck (sign)
Alexandra Briem (sign)

Líf Magneudóttir (sign)
Ásgerður Jóna Flosadóttir (sign)
Örn Þórðarson (sign)